



8. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2025 - 2026
haldinn þriðjudaginn 3. febrúar 2026, kl. 11:45.
haldinn Aðalbyggingu stofa 230.

Fundinn sátu:

Baldvin Zarióh formaður, Íris Davíðsdóttir, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Katrín Pálmaðóttir Þorgerðardóttir, Ragna Kemp Haraldsdóttir, Andri M. Kristjánsson og Kolbeinn Hólmur Stefánsson.

Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, 8. janúar 2026.
2. Erindi frá norrænum vinum, Nordic task force. Academic freedom conf. 2027, dags. 19. janúar. Óskað er eftir tveimur fulltrúum frá Íslandi.
3. Kjaramál: HERA, Háma og bílastæðamál.
4. Greiningarsjóður háskólafélaganna.
5. Podcast herbergi, 2. hæð Borgartúni 27.
6. Sameiningarnefnd Fh, FPR og FHA.
7. Fréttir af BHM,
 - i. Morgunverðarfundur BHM, þróun og horfur á vinnumarkaði, 26. feb. í Norræna húsinu.
 - ii. Áminningarskylda, bréf frá formanni BHM, sjá fundargögn.
8. Önnur mál.
 - Sameiginleg yfirlýsing fulltrúaráði NFS, norrænu samstarfsneti heildarsamtaka launafólks, til stuðnings Grænlandi. Sjá fundargögn.
 - Heildarkjarasamningur kominn á heimasíðu.

1. Fundargerð, 8. janúar 2026

Fundargerðin var samþykkt með lítilsháttar leiðréttingum.

2. Erindi frá norrænum vinum, Nordic task force. Academic freedom conf. 2027

Erindið var í fundargögnum fyrir fundinn og var málið rætt. Ákveðið var að Kolbeinn Hólmur verði aðalmaður félagsins í nefndinni og Ármann varamaður hans.

3. Kjaramál.

Baldvin sagði frá.

- HERA: Lítið hefur gerst frá fundi fulltrúa félagsins um málið og HÍ í desember 2025. Félagið hefur óskað eftir fundi og bíður svara við þeirri ósk.
- Málefni Hámu. Formaður átti fund með fulltrúum Mannauðssviðs HÍ m.a. vegna ábendinga félagsfólks um hækkunar á matvöru í Hámu og aðstöðu í Eirbergi. Málið er í skoðun.

- Bílastæðamál við HÍ. Formaður hefur upplýst Mannauðssviðs um ýmsa vankanta er varða gjaldtöku á bílastæðum við HÍ. Málið verður tekið upp milli samningsaðila um bílastæðin og óskað verður eftir lagfæringum á kerfinu.

4. Greiningarsjóður háskólafélaganna

Baldvin sagði frá væntanlegum stjórnarfundum þann 5. feb. nk. í Greiningasjóði háskólafélaganna ásamt vinnufundi í framhaldi. Á vinnufundinum verður m.a. matskerfi opinbera háskóla kynnt, ásamt stefnumótun sjóðsins.

5. Podcast herbergi á 2. hæð í Borgartúni 27

Framkvæmdastjóri sagði frá Podcast-búnaði sem hefur verið komið fyrir í fundarherbergi í skrifstofuhúsnæði sem félagið rekur í samvinnu við níu önnur aðildarfélögum BHM. Verklagsreglur um notkun búnaðarins eru í undirbúningi og þegar þær liggja fyrir mun tölvupóstur verða sendur til félagsfólks um möguleika þess á notkun hans.

6. Sameiningarnefnd BHM

Könnunin er enn í vinnslu og beðið er eftir viðbrögðum frá formanni FHA.

7. Fréttir af BHM

- Vakin er athygli á morgunverðafundi BHM um þróun og horfur á vinnumarkaði, í lok febrúar nk.
- Í fundargögnum er erindi sem framsent var á formenn aðildarfélag BHM frá formanni BHM. Málið rætt. Ákveðið var að Ármann muni lagfæra texta bréfs sem verður að öllum líkindum sent á félagsfólk, þar sem vakin er athygli á fyrirætlan núverandi ríkisstjórnar að afnema áminningarskyldu, í lögum um réttindi og skyldur opinbera starfsmanna. Ákveðið var að bíða með sendingu tölvupóstsins til félagsfólks eftir umræður um málið á formannaráðsfundi þann 18. febrúar nk.
- Baldvin sagði frá vinnustofu sem haldin var á vegum kjaranefndar BHM í janúar sl., sem fjallaði m.a. um þann lærdóm sem draga má af síðustu kjaralotu og sýn/áherslur aðildarfélag á komandi kjaralotu 2028.
- Íris sagði frá því að hún muni bjóða sig fram til varaformanns BHM á komandi aðalfundi bandalagsins.

8. Önnur mál

- Vakin var athygli á sameiginlegri yfirlýsing fulltrúaráði NFS, norrænu samstarfsneti heildarsamtaka launafólks, til stuðnings Grænlandi, í fundargögnum.
- Heildarkjarasamningur kominn á heimasíðu.
- Baldvin hefur rætt við formenn FPR og FHA um fyrirhugað málþing um áhrif niðurskurðar fjármála HÍ á kennslu og kennslumál. Þeir hafa báðir lýst yfir áhuga á þátttöku á slíku málþingi. Rætt var um að fela undirbúning þess í hendur tveggja fulltrúa frá hverju félagi.
- Baldvin hefur leitað uppýsinga um hvort endurskoðun reiknilíkans háskólanna er í gangi, sbr. bókun 10 í kjarasamningi félagsins. Beðið er eftir svari mennta- og menningarmála ráðuneytisins.
- Íris vakti athygli stjórnarmanna á námskeiðum sem Endurmenntun HÍ býður félagsfólki upp á, þeim að kostnaðarlausu, vegna samnings starfsþróunarsjóðs félagsins og EHÍ.
- Ákveðið var að halda aðalfund félagsins mánudaginn 11. maí næstkomandi kl. 12. Framkvæmdastjóra falið að hefja undirbúning hans.

Fundi lauk kl. 13:00. Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 3. mars 2026.

